

Stjörnuegg hf. - alifuglabú
Vallá
116 Kjalarnes

Reykjavík, 17.12.2024
UST202402-097/K.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. desember 2024 – Stjörnugrís að Vallá, ID393

Þann 9. desember 2024 fór fram reglubundið í Stjörnuegg að Vallá. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika og ábendinga

1. Í síðasta eftirliti var bent á að upplýsa skuli viðtakendur áburðar frá búinu að fylgja góðum búskaparháttum. Rekstraraðili hefur útbúið yfirlýsingu sem móttakendur skrifa undir sem kveður á um ákveðnar skyldur um dreifingu áburðarins hins vegar er ekki farið fram á að móttakendur fylgi góðum búskaparháttum. Að loknu eftirliti barst stofnuninni uppfærður samningur.
Fráviki lokað.
2. Í síðasta eftirliti var bent á að hægt væri að bæta árekstrarvarnir í kringum olúgeyminn. Þetta hefur verið gert en þar sem unnið er við að skipta um rafstöð ásamt því að verið er að leggja heitt og kalt vatn inn á lóðina hafa árekstrarvarnirnar verið færðar til. Þetta verður skoðað aftur í næsta eftirliti.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila var bent á að hefja vinnu við umhverfisstjórnunarkerfi sem fyrst. Það þarf að liggja fyrir innan tveggja ára frá útgáfu starfsleyfisins.
2. Rekstraraðila var bent á að við næstu skil á grænu bókhaldi að tryggja að allar upplýsingar sem eiga að vera í bókhaldinu séu með.

Sjö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að reka eggjabú með stæði fyrir allt að 75.000 varp- og unghænur. Í eftirlitinu voru 77.000 fuglar á búinu eða 2.000 fuglum umfram heimild. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var umframfjöldi fugla aflífaður þann 11. Desember. **Fráviki lokað.**

2. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Rekstraraðili hefur ekki sett sér mælanleg og tímasett umhverfismarkmið.
3. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Starfsmenn skulu fá kynningu á ákvæðum starfsleyfis. Engin kynning á starfsleyfinu hefur verið haldin fyrir starfsmenn. Að loknu eftirlitinu barst stofnuninni upplýsingar um að lykilstarfsmenn hafi fengið upplýsingar um starfsleyfið. **Fráviki lokað.**
4. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun ryks. Engin lofthreinsunarkerfi hafa verið sett upp.
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Árlega skal mæla og/eða meta losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði, rykmengun og losun ammóníaks við eldishúsin. Engar mælingar eða mat hafa farið fram.
6. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst 31. maí 2024. **Fráviki lokað.**
7. Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald. Upplýsingum um losun mengandi efna ber að skila fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald fyrir árið 2023 barst 31. maí 2024. **Fráviki lokað.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. Janúar 2025.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur